
Viðvörðun vegna óveðurs

Veðurstofunni, miðvikudaginn 03. febrúar 2016 kl 15:00

Viðvörðun

Spáð er austan og norðaustan stormi eða roki, 20-28 m/s sunnan- og vestantil á landinu síðdegis á morgun, en norðan- og austantil aðra nótt. Einnig má búast við talsverðri úrkomu, en mikilli úrkomu suðaustan- og austanlands.

Nánar um útlitið:

Skil nálgast landið úr suðri á morgun með vaxandi austan átt og snjókoma og ganga skilin norður yfir landið.

Austan 10-18 m/s í dag, hvassast við suðurströndina og norðvestantil. Snjókoma sunnantil á landinu, en annars úrkomulítið. Frost 0 til 8 stig. Bætir í vind og ofankomu á morgun, 15-28 m/s síðdegis, hvassast sunnan- og vestantil, talsverð snjókoma, en slydda eða rigning við suðurströndina. Hægari vindur og úrkomuminna norðaustantil fram eftir kvöldi. Frost 0 til 5 stig, en hlánar sunnantil. Talsverð eða mikil snjókoma suðaustan og austantil annað kvöld, en slydda eða rigning á láglandi aðra nótt. Veðrið gengur niður suðvestanlands annað kvöld, suðaustantil aðra nótt, en ekki fyrr en eftir hádegi á föstudag í öðrum landshlutum.

Vakthafandi veðurfræðingar:

Helga Ívarsdóttir

Elín Björk Jónasdóttir